



Erindisbréf

Nefnd vegna starfsmats LSS og SNS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í nefnd vegna starfsmats LSS og SNS:

Nefndina skipar:

Sverrir Björn Björnsson, formaður, sverrirb@shs.is s: 895 5787

Sveinbjörn Berentsson, sveinbjornb@shs.is s: 862 3495

Fleiri aðilum bætt við eftir þörfum.

Tengiliður stjórnar:

Magnús Smári Smáráson, magnuss@lsos.is s: 691 1513

Gildistími skipunar: Maí 2020 – des 2021.

Markmið nefndarinnar verða eftirfarandi:

- Að fylgja eftir bókun 13 í kjarasamningi LSS og SNS sem er svohljóðandi:
„BÓKUN 13 [2020] Um mat á störfum. Aðilar eru sammála um að óska eftir mati á störfum þeirra er starfa eingöngu sem slökkviliðsmenn, sjúkraflutningamenn og slökkviliðsstjórar. LSS hefur frumkvæði í málinu. Þegar niðurstaða starfsmats liggur fyrir tekur sú röðun gildi og sérröðun starfanna samkvæmt 14. kafla fellur niður.
- Að vinna að heildarendurskoðun allra stöðugilda þeirra sem vinna að kjarasamningi LSS og SNS og skila í endurmat til starfsmats sveitarfélaga fyrir mars 2021.

Starfshættir

Formaður ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum í vinnuhópnum, ásamt framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundað skal svo oft sem þurfa þykir. Halda skal fundargerð. Vinnuhópurinn er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar. Nefndin getur eftir atvikum óskað eftir liðsinni starfsmanna LSS, stjórnarmanna eða annarra sem þeir telja geta veitt ráðgjöf. Stjórnarmenn LSS hafa rétt á að sitja fundi vinnuhópsins með málfrelsi og tillögurétt.

Vonast er til að vinnuhópurinn skili eftirfarandi árangri:

- Sanngjörnu mati á nýjum „hreinum“ störfum fyrir þá aðila sem gegndu áður hlutastarfandi störfum annars vegar slökkviliðsmanna og hins vegar sjúkraflutningamanna.
- Nýju endurmati á störfum félagsmanna sem endurspeglar í raun þá ábyrgð sem fylgir þeim í starfi.



Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. Starfsmatsnefnd tilheyrir kjarasviði LSS og greitt skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni. Öll fjárútlát þarf að vinna í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra LSS.

Starfsmaður nefndarinnar: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 20. ágúst 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður